

Varakröfu sína byggði stefndur á því, að ýmsir úttektarliðir á umræddum reikningi væru óviðkomandi útgerð m/b Höfrungs. Stefnandi hefir haldið fast við réttmæti reikningsins í svargreinargerð sinni, sem, eins og áður er getið, hefir engum andmælum sætt af hálfu stefnds, enda er á það bent, að í áðurnefndu uppgjöri Jóhannesar Jónssonar og Benedikts Jónssonar sé skuld þessi talin stafa af útgerð m/b Höfrungs. Þessi mótmæli stefnds þykja því ekki, eins og á stendur, svo rökstudd, að þau geti orðið tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð ásamt 5% ársvöxtum frá 19. nóv. 1938 til greiðsludags, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 190.00.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Magnús Brynjólfsson, greiði stefnandanum, hrm. Garðari Þorsteinssyni, kr. 883.93 með 5% ársvöxtum frá 19. nóv. 1938 til greiðsludags og kr. 190.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. júní 1940.

Nr. 29/1939. Ríkissjóður (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

K/f Fram og gagnsök
(Einar B. Guðmundsson).

Eignarhefð.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af Páli lögfræðingi Magnússyni, setudómara í málinu.

Aðaláfrýjandi hefir skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 9. marz 1939. Krefst hann þess, að lög-
taksgærðin verði heimiluð til innheimtu árgjalds-
ins fardagaárið 1933 til 1934, kr. 100.00. Svo krefst

hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefir áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 22. marz 1939. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar, þó með þeirri breytingu, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir fógetaréttinum úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 500.00.

Það athugast, að hinn reglulegi fógeti vék sæti í málinu, án þess að sjáanleg ástæða væri til þess.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ríkissjóður, greiði gagnáfrýjanda, K/f Fram, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 27. jan. 1939.

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar hinn 28. nóv. 1938, var höfðað fyrir fógetarétti Vestmannaeyja eftir samkomulagi aðilja hinn 5. des. 1935.

Eru tildrög þess þau, að á árinu 1931 skrifaði núverandi umboðsmaður þjóðjarða í Vestmannaeyjum, bæjarfógeti Kristján Linnet, atvinnumálaráðuneytinu og leiddi athygli þess að því, að í sinni embættistið hefði hann ekki krafist k/f Fram um leigu af verzlunarlóð þeirri, er það notaði.

Væru þær ástæður fyrir því, að hann hefði fylgt fyrirrennara sínum Sigurði Sigurðssyni í því efni — og eins

myndi hafa verið að minnsta kosti á síðari embættisárum fyrirrennara Sigurðar, Karls Einarssonar. Kveðst Linnet hafa heyrt, að þetta væri eignarlóð (og sú eina í Vestmannaeyjum), en Linnet tjáir ráðuneytinu, að hann efist um, að svo sé.

Leiddi þetta til þess, að ráðuneytið lagði fyrir þjóðjarðaumboðsmanninn að krefja k/f Fram (gjörðarþola) um leigu á greindri lóð. Var leigugjaldið eftir tillögu umboðsmannsins (Linnets) ákveðið kr. 100.00 á ári, og krafði hann k/f Fram um þá leigu í fyrsta skipti á manntalsþingi 1932 og síðan sömu upphæð fyrir árið 1933 og 1934. En k/f Fram neitaði að greiða.

En það eru hinar umkröfðu ársleigur fyrir þessi ár, 1932—1934 (3 ár), sem lögtaks er krafizt fyrir í máli þessu.

Lögtaksúrskurður hefir ekki verið lagður fram í málinu, en gjörðarþoli hefir lýst því yfir, að honum væri kunnugt um, að hann hefði verið uppkveðinn.

Stærð lóðarinnar er 2000,5 ferfaðmar, og er hún kölluð „Garður“ eða „Garðslóð“, og var hún hinn forni verzlunarstaður Vestmannaeyja.

Hefir gjörðarþoli mótmælt lögmæti leigugjaldsins og framgangi gjörðarinnar á þeim grundvelli, að hann væri löglegur eigandi framangreindrar lóðar.

Hefir gjörðarþoli aðallega rakið eignarrétt sinn að lóðinni til ákvæða tilskipunar frá 17. nóv. 1786 um friðindi til handa kaupmönnum þeim, er verzla vildu í hinum löggiltu kaupstöðum á Íslandi, eftir að einokuninni hafði verið aflétt og verzlunin gefin frjáls.

Hefir hann lagt þann skilning í 4. og 5. gr. þeirrar tilskipunar, að í þeim fælist næg eignarheimild fyrir verzlunarlóðum til handa þeim, sem fengu afsöl fyrir mannvirkjum þeim, sem á lóðunum stóðu. En þótt ekki séu finnanleg afsöl til handa öllum síðari eigendum verzlunarmannvirkja Garðsverzlunar, þá er þó auðrakin eigendaröðin allt til gjörðarþola k/f Fram.

Hefir gjörðarþoli til stuðnings máli sinu citerað í dóm landsyfirréttar frá 1804 varðandi verzlunarlóðina á Eskifirði, þar sem konungur var skyldaður til að kaupa verzlunarlóð handa kaupmönnum, sem settu sig þar niður.

Hinsvegar hefir gjörðarbeiðandi mótmælt þeim skilningi á fyrrgreindri tilskipun og haldið því fram, að það

þyrfti sérstakur gjörningur að koma til, svo að eigandskipti hefðu getað orðið að lóðinni.

En það er óumdeilt, að konungur var eigandi allra jarðeigna í Vestmannaeyjum, þegar hann gaf verzlunina frjálsa á Íslandi fyrir alla þegna sína.

Þá hefir gjörðarþoli einnig til vara byggt eignarrétt sinn á lóðinni á hefð, þar sem hann sjálfur og fyrirrennarar hans 2 hafi haft lóðina í eignarhaldi í fullkomlega góðri trú.

Gjörðarþoli hefir lagt sig sérstaklega fram um að færa sönnur á það, að hin umdeilda lóð hafi alltaf verið eign þess, er var eigandi Garðsverzlunarinnar. — Hinsvegar hefir honum ekki tekizt að færa fram neina sönnun fyrir því, að lóðinni hafi formlega verið afsalað af konungi (síðar ríkinu) til einhvers fyrri eiganda Garðsverzlunarinnar.

Þótt nú að rétturinn geti ekki fallizt á þann skilning gjörðarbeiðanda, að þar sem að ekkert sé sérstaklega tekið fram um lóðina í elzta afsali (sem lagt hefir verið fram í réttinum) fyrir Garðsverzlunareigninni frá 17. júní 1819, útgefið af von Casten-Schiold stiftamtmanni til handa Westy Paetsens & Comp., þá leiði af því, að lóðin hafi alls ekki átt að fylgja með sem eign, þá telur rétturinn eigi, að sérstaka nauðsyn beri til að skera úr um þau atriði hér vegna annarra ástæðna, sem sönnur hafa verið færðar á í málinu og skorið geta úr um, hvort gjörðin getur náð fram að ganga.

Þegar varakrafa gjörðarþola, hefðarvinnslan, er tekin til athugunar, þá er það, eins og fyrr greinir, fyrst árið 1932, sem að hann er krafinn um greiðslu, og hefir ekki, svo sannað sé, neitt það komið fram fyrr, er slitið gæti hefðarvinnslu frá hans hendi, ef þau skilyrði voru í upphafi fyrir hendi.

En þar sem gjörðarþoli varð ekki eigandi Garðsverzlunareignarinnar fyrr en 1917, þá verður að athuga um fyrirrennara hans.

Hinn 6. júní 1844 fékk Niels Nicolai Bryde afsal fyrir Garðsverzlunareigninni frá uppboðsréttinum í Kaupmannahöfn. — Er þar ekkert sérstaklega minnzt á lóðina.

Rak N. N. Bryde síðan verzlun á Garðseigninni til dauðadags, 9. ágúst 1879.

Erfði þá einkasonur hans, Johan Peter Thorkelin Bryde,

eignina og rak þar verzlun til dauðadags, fyrst einn, en síðan í félagi við son sinn Herluf Ingjald, sem hann tók í félag við sig 2. marz 1905.

J. P. T. Bryde andaðist árið 1910. Fékk ekkja hans leyfi til setu í óskiptu búi. Gerði hún félagssamning við son sinn Herluf Ingjald Bryde um rekstur verzlunarinnar undir nafninu J. P. T. Bryde.

Urðu þau gjaldþrota, og var bú þeirra gjört upp af skilanefnd.

Var „verzlunarstað (Etablissement) firmans J. P. T. Bryde í Vestmannaeyjum“ afsalað af Magnúsi Sigurðssyni f. h. skilanefndarinnar til handa H. P. Duus hinn 16. marz 1917. Er í afsalinu talin upp hús og mannvirki, „svo og lóðir, stakkstæði og lóðarréttindi til lands og sjávar“.

Með kaupsamningi, dags. 23. júní 1917, seldi H. P. Duus k/f Fram Garðseignina og veitti því afsal fyrir henni 18. september sama ár, þar sem talað er um lóð og lóðarréttindi. — En gjörðarþoli og fyrirrennarar hans hafa haft á leigu lóð, sem þeir hafa goldið fyrir, áfasta við hina umdeildu lóð.

Voru afsöl þessi þinglesin án athugasemda, og hefir sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum gefið út veðbókarvottorð 8. sept. 1917 til handa H. P. Duus, þar sem vottorð er um eign firmans á lóð og lóðarréttindum.

Eins hefir k/f. Fram (gjörðarþoli) veðsett eignina Veðdeild Landsbanka Íslands hinn 18. sept. 1917 ásamt allri tilheyrandi lóð og lóðarréttindum. Var það skjal þinglesið án athugasemda.

Þá hafa og fasteignamatsmenn árið 1917 við mat á „Garðars“-eigninni talið fylgja henni eignarlóð, að stærð 2000,5 ferfaðmar, og leigulóð, að stærð 6300 ferálnir.

Við fasteignamatið 1929—1930 gjörðu fasteignamatsmenn hið sama.

Þá er það og upplýst í málinu, að J. P. T. Bryde hefir talið sig þegar fyrir aldamót eiganda hinnar umdeildu lóðar og verið talinn það af öllum almenningi, enda upplýst með óyggjandi vottorðum, er ná allt til ársins 1893, að engin leiga hefir verið greidd af lóð þessari.

Þá er það upplýst í málinu, að sýslumaður Vestmannaeyja hefir í svari við fyrirspurn frá Hilmari stiftamtmanni Finsen, dags. 1868, látið upp það álit sitt, að „Garðs“-lóðin

væri ekki ríkiseign, þar sem hún hefði verið gefin kaupmönnum skv. 4. og 5. gr. fyrrgreindrar tilskipunar frá 17. nóv. 1786 um réttindi kaupstaðanna á Íslandi, enda hefir hann ekki krafist um leigu eftir lóðina.

Samkvæmt framanrituðu, og þar sem að umráð gjörðarþola og fyrirrennara hans í hefðartíma fullan virðast uppfylla eignarhald það, er 2. gr. hefðarlaganna nr. 46 frá 1905 greinir, sbr. og 3. gr. sömu laga, þá lítur rétturinn svo á, að gjörðarþoli, k/f Fram, hafi verið búinn að vinna fulla eignarhefð á hinni umdeildu lóð, þegar hann var krafinn um leigugjald af henni.

Verður því að synja um hina umbeðnu lögtaksgjörð.

Þá hefir gjörðarþoli og krafist, að fógetarétturinn úrskurðaði sér málskostnað, en þar sem mál þetta var byrjað fyrir gildistökudag hinna nýju réttarfar斯拉ga, þá telur rétturinn sig eigi bærán til að úrskurða um það atriði.

Dráttur sá, er orðið hefir á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar af því, hversu umfangsmikið mál þetta er orðið, þar sem rekstur þess fyrir réttinum hefir staðið yfir í 3 ár, en á þeim tíma hefir málflutningur aðiljanna tekið breyttar stefnur vegna upplýsinga, sem smátt og smátt voru að koma fram.

Enda verið mikið verk að kynna sér málsskjölin, sem eru sum meira en aldargömul og sum lögð fram í frumriti.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgjörð á eigi fram að ganga.